

Fornleifikönnun vegna framkvæmda við Austurgilsvirkjun í  
Skjalfannardal



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Apríl 2016  
NV nr. 14-16

**Efnisyfirlit**

1.	Inngangur .....	3
2.	Markmið og aðferðir .....	3
2.1	Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
2.2	Aðferðafræði .....	5
3.	Skrá yfir fornleifar .....	5
4.	Niðurstaða .....	14
5.	Heimildarskrá.....	14
6.	Kort .....	15

## 1. Inngangur

Að beiðni Verkís og bræðranna Bjartmars og Kristins Péturssonar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða vettvangsrannsókn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Austurgilsvirkjun í Skjalfannardal í landi Laugalands.

Virkjað yrði úr Vondadalsvatni sem er í 414 m y.s., þar yrði myndað inntakslón og virkjað niður í hæð 45 m y.s. niðri við Selá í Skjalfannardal þar sem stöðvarhúsinu yrði komið fyrir. Þrýstipípan yrði að mestu niðurgrafin, um 3,9 km löng.

Áhrifin eru lagning vegar upp dalinn og síðan kemur niður hlíðina og stöðvarhús við Selá.

Einu minjar sem vitað er um er Laugalandssel en þar byggðist síðar upp býlið Selhús. Vettvangsrannsókn fór fram 23. apríl og var unnin af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðing hjá Náttúrustofu Vestfjarða.

Laugalandssel var skráð og svæðið skoðað allt upp að fyrirhuguðu lónstæði. Ása Ketilsdóttir á Laugalandi og Þórður Halldórsson í Laugarholti voru heimildarmenn og fá bestu þakkir fyrir. Einnig fá Þórður Halldórsson og Bjartmar Pétursson bestu þakkir fyrir að fara fylgja fornleifafræðing um svæðið og ferð upp á hálandið á vélsleðum til að kanna svæðið þar sem lón eru fyrirhuguð.

## 2. Markmið og aðferðir

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirkja og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföustum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsóknar eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbandingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

## 3. Skrá yfir fornleifar

Númerin eru fengin frá kortasjá Minjastofnumar Íslands. Hvert verkefni er afmarkað og hlýtur sérstakt númer sem í þessu tilfelli er númerið **1797**. Sjá má afmörkun þess svæðis sem skráð var inn á kortasjá Minjastofnumar <https://www.map.is/minjastofnun/>. Hver fornleif hlýtur síðan hlaupandanúmer dæmi Verkefnanúmer 1797-1.

## Laugaland

### Saga

Laugaland er mjög fornt býli og líklega frá fyrstu öldum landnáms. Við framkvæmdir á Laugalandi á síðustu öld fannst klébergs lampi sem hugsanlega er frá landnámsöld. Í jarðabók Árna og Páls segir „Munnnæli segja að hjer hafi bænhús verið, en engin sjást hjer merki. Skógur til kolagerðar og eldiviðar er nægur. Túnið spillist af stórum fannalögum sem liggja á því oftlega fram á sumar. Ekki er bæjarhúsunum óhætt fyrir stórfannarlögum á veturnar, sem bæði sligar hús og skekkir.“<sup>1</sup>. Býlið Selhús virðist hafa

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vitalín 1981:244-245

byggst upp þar sem Laugalandssel var fyrrum. Fyrstu heimildir um Selhús eru í Manntalinu 1901 en þá búa þar hjón með þrjú börn og tvö vinnuhjú<sup>2</sup>. Árið 1910 er sama fólk búandi í Selhúsum nema konan er orðin ekkja og býr þar ásamt börnum sínum og vinnufólki<sup>3</sup>. Enginn er skráður búandi þar árið 1920 en vitað er að síðar var flutt að Selhúsum og búið þar fram undir 1940. Í Lesbók morgunblaðsins frá 27. ágúst 1994 bitist eftirfarandi frásögn:

„Þau hjónin, Hjalti og kona hans Ásta, áttu þá heima í Laugalandsseli, sem Selhús voru kölluð eða Sel, framarlega í Skjalfannardal, og heyjuðu útengi alllangt frammi í dalnum, eða á svokölluðu Enni. Þangað fóru þau á morgnana með börnin og matföng og voru þar í heyskap daglangt. Hjalti fór venjulega fyrr af stað en kona hans, og rak þá með sér kýrnar þarna frameftir í haga. Pennan dag, sem fleiri, rölti Hjalti á eftir kúnum, sem áttu til, svo sem þeirra er vandi, að þræða dálítið skrykkjótta slóð. Hjalti bar dót í báðum höndum og þar í vekjaraklukku, sem var með tveimur skrúfuðum löppum. Þegar hann kom á engjarnar og leggur frá sér klukkuna sér hann að aðra löppina vantart.

„Jæja, hún verður þá lappalaus greyið,“ hugsaði Hjalti. Þegar þau hjón koma heim um kvöldið, fór konan að taka til matinn, en Hjalti settist í stólinn góða og beið matar síns. Allt í einu sprettur hann á fætur og segir við konuna: „Ég ætla að fara og finna löppina af klukkunni.“ Konan tók þessu ekki vel og var þó ýmsu yön:

„Vertu ekki að þessari bannsettri vitleysu, hvað ætli þú finnir svona lítinn hlut úti í haganum, og veist ekkert hvar þú misstir hana. Þó þú hafir fundið margt, Hjalti minn, finnurðu ekki löppina grafna í mosa eða í kjarri.“

En Hjalta héldu engin böndin. Eins og oftar þegar undarlegheitin komu yfir hann varð hann að fara. Og hann bíður ekki eftir matnum heldur ríkur af stað.

Hann heldur nú, sem leið liggur fram á engjarnar og gengur greitt. Þegar hann kemur að lækjarsytru, sem hann stekkur yfir, kemur hann niður á mosavaxna þúfu. Þar er hann stoppaður, lengra kemst hann ekki. Hann byrjar að róta í þúfunni, rífur upp kólfa undir jurtum og mosann. Hann sá ekki löppina fyrr en hún kom í hönd hans.


Í fyrirbærum af þessu tagi sagði Hjalti að sér væri hreinlega stjórnað<sup>4</sup>.

Greinilegt að þarna er komið annað fólk en þar bjó 1910.

<sup>2</sup> [www.manntal.is](http://www.manntal.is)

<sup>3</sup> [www.manntal.is](http://www.manntal.is)

<sup>4</sup> Morgunblaðið 27.08.1994



**Teikning 1.** Teikningin sýnir afstöðu minja við Selhús og hlaupandanúmer minja. Kort MHH

**Verkefnanúmer:** 1797-1

**Sérheiti:** Selhús

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Bæjarhóll

**Staðsetning:** A:348855 N: 618173


**Staðhættir:** Í Örnefnaskrá segir „í oddanum fyrir neðan Hraundalsá, á milli hennar og Selár, stóð fyrrum sel frá Laugalandi, en var síðar gert að býli sem



**Mynd 1.** Rústir Selhúsa. Timburgrind hússins er greinileg. Ljósm.: MHH.

nefnt var Selhús<sup>5</sup>. Selhús. Fólk er fyrst skráð í Selhús í manntali frá árinu 1901 en býlið lagðist af árið 1938. Útlit rústanna er alveg samsvarandi við þetta tímabil.

**Minjalýsing:** Bæjarhúsið hefur verið frekar lítið og samanstendur af þremur litlum rýmum sem tengd eru saman með göngum. Þar aftan við er ílangt rými sem líklega hefur verið baðstofa. Rústin er 11 m á lengd og 15 m á breidd. Veggir standa nokkuð háir og eru hæstir um 120 cm. Timbur úr grind bæjarhúsanna er enn inn í rústinni.



**Verkefnanúmer:1797-2**

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 348782 N: 618128

**Staðhættir:** Við vesturhlíð túngarðsins um 72 metra suð vestur af bæjarrústunum er mun eldri rúst en sú sem er af Selhúsum og útihúsum þess. Rústin er beggja megin við túngarðinn og hefur hann síðar verið hlaðinn á milli bygginganna sem tilheyra




**Mynd 2.** Líklega rústir Laugalandssels.  
Mjög yfirgrónar rústir sem eru mun eldri en hinar í kring. Ljósmynd: MHH.

<sup>5</sup> Örnefnaskrá Laugarland

þessum rústum. Innan túngarðsins eru tvö hólf sem eru alveg gróin utan eins steins sem sést upp úr grasinu. Líklegt er að þetta sé Laugalandssel og Selhús byggðust síðan um aldamótin 1900 í Laugalandsseli.

**Minjalýsing:** Innan túngarðs er þessi rúst, tvö hólf. Hún er 8 m á lengd og 5 m á breidd. Utan túngarðs er svo hleðsla sem tengist líklega þessari byggingu en það er ferhyrnt hólf hugsanlega rétt. Hólfíð er 4x4 m á stærð.



**Teikning 2** Teikningin sýnir seljarústirnar sem eru beggja vegna túngarðsins. Teikning: MHH.

**Verkefnanúmer:** 1797-3

**Jörð:** Laugaland


**Sérheiti :** Laugalandssel/Selhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A: 348806 N: 618169

**Staðhættir:** 18 m norð vestur af bæjarrústinni eru ógreinilegar rústir



fjárhúss. Fjárhúsið sést best á loftmyndum **Teikning 3.** Teikning af fjárhúsinu. Teikning: MHH. og er frekar ógreinilegt.

**Minjalýsing:** Fjárhúsið hefur verið fjögur hólf og aftan við fjárhúsini hefur verið hlaða. Rústin er alveg yfirgróin í dag. Rústin er 27 m á breidd og 19 m á lengd. Rústin er alveg yfirgróin og veggir rétt um 20-30 cm. Hugsanlega er fjárhúsið eldra en Selhús.

**Verkefnanúmer:** 1797-4

**Jörð:** Laugaland

**Sérheiti :** Laugalandssel/Selhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Rúst


**Staðsetning:** A:348821 N: 618138

**Staðhættir:** Um 31 metra suð vestur af bæjarrústinni er rúst af fjárhúsi.

**Minjalýsing:** Húsið er ílangt og í miðju þess er hlaðin garður. Dyr eru á suðurlanghlið en í vesturenda er ekki hleðsla og líklegt að þar hafi verið timburgafl. Hlaða eða heytóft hefur verið í enda. Hleðslur eru greinilegar og



**Mynd 3.** Fjárhúsið, greina má garða í miðju húsins. Timburgafl hefur verið í fjærenda.



**Teikning 4.** Teikning af fjárhúsinu og heytóft í enda. Teikning: MHH.

hæstar um 1 m á hæð. Rústin er 23 m á lengd og 6 m á breidd. Þetta fjárhús er örugglega samtíða Selhúsum.

**Verkefnanúmer: 1797-5**

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Fjárhús/rétt

**Tegund:** Rúst


**Staðsetning:** A:348867 N:618123

**Staðhættir:** Upp í brekkunni um 75 m suður af bæjarrústinni er rúst hugsanlega rétt.

**Minjalýsing:** Réttin er ógróinn og stendur rétt aftan við túngarðinn. Rústin er 11 m á lengd og 5 m á breidd. Hæð hleðsla er um 40 cm.



**Mynd 4,** Rúst sem stendur rétt utan við túngarðinn að sunnan. Ljósm: MHH.



**Teikning 5.** Teikning sem sýnir úтихúsið og strikið er túngarðurinn. Teikning: MHH.

**Verkefnanúmer: 1797-6**

**Jörð:** Laugaland

**Sérheiti :** Laugalandssel/Selhús

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðsetning:** A: 348755 N: 618136

**Staðhættir:** Utan um túnið á Selhúsum hefur verið túngarður. Er hann enn sjáanlegur hálfan hringinn í kring um túnið. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti og verið efnismikill. Einföld röð steina liggar meðfram túngarðinum inn á túninu.

Líklega er það undirstaða undir gaddavírsgirðingu.



**Mynd 5.** Túngarðurinn og hleðslan innan hans sem líklega er undan gaddavírsgirðingu.

**Minjalýsing:** Garðurinn er ógróinn að mestu og er greinilegastur við vestur hlið túnsins.

Hann er um 1 ½ m á breidd og er hruninn.

**Verkefnanúmer: 1797-7**

**Jörð:** Laugaland

**Sérheiti :** Laugalandssel/Selhús

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Brunnur

**Staðsetning:** A:348844 N: 618159

**Staðhættir:** 10 m frá suð vestur horni bæjarústanna er brunnur.



**Mynd 6.** Brunnur rétt við bæjarhúsin.

**Minjalýsing:** Ekki sér í hleðslur í brunnum heldur er hann bara hola en viðist hafa verið ferkantaður.

**Verkefnanúmer: 1797-8**

**Jörð:** Laugaland

**Sérheiti :** Laugalandssel/Selhús

**Hlutverk:** Útihús/hlaða

**Tegund:** Rúst

**Staðsetning:** A:348743 N:618171

**Staðhættir:** Um 6 m frá túngarðsenda við ánnu er rúst af útihúsi.

**Minjalýsing:** Rústin er ekki greinileg en húsið hefur líklega verið út timbri og grjótundirstaðan er sjánleg. Húsið hefur verið 8 m á lengd og 4 m á breidd. Hæð grunnsins er um 30 cm. Ása Ketilsdóttir á Laugalandi sagðist hafa heyrt þá sögu að börnin í Selhúsum hefðu tínt mikið af berjum og selt og var ágóðinn notaður til að kaupa járn á húsið sem var heyhlaða.



**Mynd 7.** Líklega hlaðinn grunnur af hlöðu sem hefur verið byggð úr timbri. Ljóm MHH

**Verkefnanúmer: 1797-9**

**Jörð:** Laugaland

**Hlutverk:** Matjurtargarður

**Tegund:** Heimild

**Staðsetning:** A:348723 N: 618088

**Staðhættir:** Rétt vestan við túngarðinn, austan við Hraundalsá þar sem hún kemur niður voru samkvæmt heimildum Ásu Ketilsdóttur kartöflugarðar.

**Minjalýsing:** Engin merki fundust um garðanna við vettvangsathugun.

#### **4. Niðurstaða**

Vettvangsrannsókn fór fram þann 23. apríl 2016. Allt framkvæmdarsvæðið var skoðað. Rætt var við heimildarmennina Ásu Ketilsdóttur Laugarlandi og Þórð Halldórsson Laugarholti.

Einu minjarnar sem fundust voru rústir eyðibýlisins Selhúsa sem reist voru þar sem Laugalands sel var áður en selið sjálft fannst líka við túngarðinn. Fyrirhugað er að leggja veg upp Skjalfannardal og upp að stöðvarhúsi sem staðsett verður um miðbik dalsins og að því verður pípur niður suðurhlíð dalsins. Farið var upp að svæðinu þar sem miðlunarlón eru fyrirhuguð til að athuga hvort vörður sæjust á svæðinu. Svo reyndist ekki vera enda var leiðin yfir hálendið farin upp úr Hraundal sem er næsti dalur. Engar minjar fundust í Skjalfannardal aðrar en áðurnefnt býli og engar vörður sáust þar sem miðlunarlón eru fyrirhuguð. Sé þess gætt að leggja ekki veg nærrí Laugalands seli/Selhúsum eru engar minjar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Austurgilsvirkjun. Aðstandendur virkjunarinnar og landeigandi voru með í för við skráninguna og vita hvar minjarnar eru staðsettar. Lagt er til að þær verði merktar á meðan framkvæmdum stendur.

#### **5. Heimildarskrá**

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VI (1913-1943). Kaupmannahöfn


Lesbók Morgunblaðsins 27.07.1994. [www.timarit.is](http://www.timarit.is)

Manntöl 1901-1910 [www.manntal.is](http://www.manntal.is)

Óprentaðar heimildir.

Örnefnaskrá Lauglands.

## 6. Kort



Mynd 8 Kort af framkvæmdasvæðinu gert af Verkís



Skýringar:  
Minjar  
000 Númer minja

Mælikvarði: 1:1000  
Dags: 9.6.2016

Skráning: Margrét Hallmundsdóttir  
Kortagerð: Hulda B. Albertsdóttir

Fornleifakönnun vegna framkvæmda  
við Austurgilsvirkjun  
Náttúrustofa Vestfjarða